

Skuldsett þjóð situr í súpunni

Þótt hrun íslenska hagkerfisins hafi komið flestum í opna skjöldu höfðu ýmis teikn verið á lofti um árabíl. Margir vöruðu við þróuninni en einhverra hluta vegna fór þó meira fyrir jákvæðum fréttum af efnahagsmálum og þá sérstaklega útrás íslenskra fyrirtækja og miklum uppgangi í Kauphöllinni. Dómsdagsspár erlendra greiningardeilda og sérfræðinga voru afgreiddar sem öfund og merki um skort á þekkingu á íslensku hagkerfi. Ráðamenn sáu meira að segja ástæðu til að leggja land undir fót og halda í einskona rímyndarherferð til að gera erlendum fjölmiðlum og greiningardeildum ljóst í eitt skipti fyrir öll að íslenskt hagkerfi stæði traustum fótum.

Eftirsóknarverðir viðskiptavinir

Skuldir heimilanna voru 1.760 milljarðar um mitt þetta ár en þær hafa vaxið ár frá ári. Ítrekað hefur verið varað við þessari miklu skuldsetningu án þess að þau varúðarorð hafi haft mikil áhrif. Þorvaldur Gylfason er einn þeirra hagfræðinga sem reglulega hefur varað við mikilli skuldsetningu þjóðarinnar. Í pistli í *Fréttablaðinu* þann 16. mars 2006 undrast Þorvaldur lánagleði Íslendinga: „Margir lántakendur virðast undarlega hirðulausir um hag sinn. Útistandandi yfirdráttarskuldir fyrirtækja og heimila í lok janúar 2006 námu 184 milljörðum króna. Þessi yfirdráttarlán bera 15% til 21% ársvexti. Það er ekki ónýtt fyrir bankana að eiga slíka viðskiptavini.“ Þá benti Þorvaldur á í sömu grein að færi allt á versta veg gætu einkabankar varpað byrðinni á sak-

lausa vegfarendur. Þess væru auk þess mörg dæmi utan úr heimi að skuldasöfnun einkageirans hefði kallað kollsteypur yfir heil hagkerfi með tilheyrandi gengisfalli og samdrætti í framleiðslu. Einmitt þetta hefur nú gerst hér á landi eins og alþjóð veit.

Almenningi að kenna?

Neytendablaðið spurði Þorvald hverju það hefði breytt ef almenningur hefði ekki verið svona skuldsettur. „Ef almenningur hefði verið hirðusamari og t.d. ekki flutt inn jafn mikið af bílum og varningi hefði skuldastaða bankanna verið eitthvað viðráðanlegri. Þó er sú staða sem upp er komin í efnahagsmálum þjóðarinnar ekki almenningi að kenna nema að litlu leyti. Almennigur hefði þó verið betur búinn undir þessa kreppu ef hann hefði ekki safnað svona miklum skuldum. Sérstaklega var lántaka í erlendri mynt varhugaverð en margir féllu fyrir henni.“

Skattalækkun á penslutíma

En hvornig hefði ríkið átt að draga úr lántökum heimilanna og fyrirtækja? „Ríkið hefði átt að gæta meira aðhalds langt aftur í tímann. Ríkissjóður hefur þanist út ár frá ári í stað þess að gæta aðhalds. Þá má líka gagnrýna skattalækkunina sem ráðist var í á sama tíma og mikill þensla var í þjóðfélaginu.“ segir Þorvaldur.

Varúðarorð úr mörgum áttum

Alþýðusamband Íslands benti á í skýrslunni „Hagstjórn á villigötum“ um mitt ár 2005 að til að forðast harkalega lendingu í hag-

kerfinu í lok stóriðjuframkvæmdanna væri þörf á breyttri hagstjórn. Í skýrslunni kom einnig fram að ASÍ hefði ítrekað kallað eftir ábyrgri hagstjórn og meira aðhaldi í ríkisfjármálum.

Stjórnarandstaðan kallaði einnig eftir ábyrgari efnahagsstjórn og fyrir rúmu ári varaði Steingrímur J. Sigfússon formaður Vinstri grænna við gegndarlausum viðskiptahalla. Sagði hann enn fremur hagstjórnina í molum og allar hagspár ómarktækar.

Hættuleg skuldasöfnun

Ágúst Ólafur Ágústsson varaformaður Samfylkingarinnar og formaður viðskipta-nefndar Alþingis gagnrýndi efnahagsstjórnina þegar hann var í stjórnarandstöðu. Í lok árs 2004 lýsti hann yfir miklum áhyggjum af gríðarlegri skuldsetningu heimila og fyrirtækja. Neytendablaðið spurði Ágúst hvers vegna mikil skuldasöfnun heimilanna væri hættuleg?

„Það segir sig sjálf að of mikil skuldsetning gerir heimilin miklu viðkvæmari fyrir sveiflum og ekki má mikið út af bera ef ekki á að fara illa. Nú er það líka komið á daginn að skuldirnar stefna framtíð fjölmargra heimila og fyrirtækja í hættu. Strax árið 2004 sást að skuldir íslenskra heimila og fyrirtækja voru mun hærrí hér en í nágrennalöndunum. Ísland var þá orðið eitt skuldugasta iðnríki í heimi. Þetta ár birtist grein í Financial Times þar sem Ísland var sérstaklega nefnt sem dæmi um land þar sem erlend lán banka til að fjármagna lántökur heimila drægju úr lánshæfi á alþjóðlegum mörkuðum. Ég benti á að sá tími gæti runnið upp að fólk skuldaði meira en sem nemur verðmæti fasteignar sinnar en þá þegar þekktum við mýmörg dæmi slíks varðandi bifreiðakaup.“

Ríkisstjórnin átti að hlusta

Það hlýtur að vera auðvelt að sitja í stjórnarandstöðu og gagnrýna en til hvaða aðgerða átti ríkisstjórnin að grípa? Ágúst segir þáverandi ríkisstjórn ekki hafa brugðist við heldur gert hið þveröfuga og ýtt undir væntingar og skuldasöfnun. „Ríkisstjórnin, sem hér ríkti í 12 ár, átti t.d.



Skuldir heimilanna hafa aukist mikið á þessu ári vegna falls krónunnar og voru þær þó miklar fyrir.



að hlusta á aðvörunarorð og sýna aðhald í ríkisfjármálum og draga úr neyslu. Fyrir 4 árum sagði ég á þingi: „Hið svokallaða góðæri sem ríkisstjórnarflokkarnir hafa stært sig af er einfaldlega fengið að láni.“ Ég benti einnig á að aukning neysluútgjalda heimilanna ætti sér ekki stöð í auknum kaupmætti heldur væri hún fjármögnuð með lántökum, erlendum og innlendum. Bent var á fjölmargar aðgerðir sem ekki var ráðist í þá en eru þó komnar í farveg núna.“

Hægt að hafa vit fyrir fólki?

En nú er varla hægt að banna fólki að taka neyslulán? „Nei, það á ekki að banna fólki að taka lán. Hins vegar ættu lánveitendur að gera ríkari kröfur um greiðslumat. Auðvitað er fólk ábyrgt fyrir sínum gjörðum en hins vegar er alveg ljóst að fjármálafræðslu er mjög ábótavant hér á landi.“

Eignir á bak við skuldir

Þegar rætt hefur verið um slæma skulda- stöðu heimilanna hefur iðulega verið bent á það séu eignir á bak við skuldarnar. Var ekki óábyrgt að tala með þessum hætti? „Auðvitað skipti máli að það voru eignir á móti. Menn þurfa að líta á allt dæmið. En skuldarnar voru hins vegar komnar út úr öllu korti, eins á var bent, og verðmæti eigna getur breyst hratt, eins og dæmin sýna. Þegar bankarnir lenda síðan í lausafjárkreppu hrynur spilborgin eins og varð raunin. Þá skipti eignastaðan litlu máli. Atburðir undanfarinna vikna sýna hins vegar að reksturinn hjá mörgum þessara fyrirtækja var ekki ábyrgur því annars hefðu hlutirnir ekki þróast eins og þeir gerðu,“ segir Ágúst að lokum.

Þarf að kenna þjóðinni að spara

Þótt það hafi að mestu verið hlutverk stjórn- arandstöðunnar að gagnrýna efnahags- stjórnina höfðu einstaka stjórnariðar einnig áhyggjur af gangi mála. Einn þeirra er Pétur Blöndal þingmaður Sjálfstæðisflokksins og formaður efnahags- og skattanefndar. Hann hefur í gegnum tíðina verið talsmaður þess að fólk sýni fyrirhyggju í fjármálum og

hefur ítrekað varað við mikilli skuldasöfnun einstaklinga. Pétur segir nokkrar ástæður fyrir mikilli skuldasöfnun þjóðarinnar. „Í 40 ár var Íslendingum kennt að það borgaði sig ekki að spara. Áður en verðtryggingunni var komið á um 1980 var staðan þannig að verðbólgan át upp sparifé landsmanna og það var hagkvæmara að eyða peningunum strax en að leggja þá til hliðar. Með tilkomu verðtryggingarinnar breyttist umhverfið algerlega og þá varð ekki lengur ódyrt að skulda. Hins vegar breyttu Íslendingar ekki fyrri háttum og héldu áfram að taka lán sem aldrei fyrr. Það hefði þurft að fara í átak og kenna þjóðinni að spara, ekki ósvipað og þegar hægrí umferð var tekin upp og það þurfti beinlínis að kenna þjóðinni að keyra upp á nýtt.“

Skuldsett þjóð

Gátu stjórnvöld komið í veg fyrir lántöku fólks? Pétur segir svo ekki vera því hver og einn beri ábyrgð á fjármálum sínum. Íslendingar séu þó því marki brenndir að vilja eignast hlutina strax í stað þess að spara og biða. Á undanförunum árum hefur verið mikið framboð á lánsfé og Íslendingar hafa tekið því fagnandi. Hins vegar megi benda á að það séu ekki bara heimilin sem hafi farið of geyst það eigi líka við um ríkið, sveitarfélög og fyrirtæki.

Peningamálastefna sem ekki virkar

Pétur hefur gagnrýnt peningamálastefnuna undanfarin ár. Hann bendir á að samkvæmt hefðbundinni hagfræði ættu háir stýrivextir að slá á þenslu þar sem háir vextir ættu að öllu eðlilegu að þýða minni útlán og meiri sparnað. Íslendingar hafa þó aldrei látið háa vexti aftra sér frá lántöku enda hafa þeir lítið verðskyn gagnvart vöxtum. Hins vegar hafi þessi hávaxtastefna m.a. leitt til þess að meiri gjaldeyrir streymdi inn í landið sem þýddi sterkari krónu og lægra verð á innfluttum vörum sem olli svo enn meiri þenslu sem aftur kallaði á stýrivaxtahækkun. Háir vextir höfðu því miður lítil áhrif á verðbólguna því stór hluti lánamarkaðarins er verðtryggður og annar hluti í erlendri mynt.

Yfirdráttarlán slæmur kostur

Pétur furðar sig á háum yfirdráttarlánum Íslendinga: „Einstaklingar ættu hreinlega ekki að vera með yfirdrátt nema í einhverjum neyðartilfellum. Um er að ræða lán sem eru ætluð fyrirtækjum og eru án gjalddaga auk þess sem vextirnir eru himinháir. Í dag er áætlað að hvert mannsbarn sé að meðaltali með yfirdráttarlán að upphæð 200.000 kr. Það þýðir að hver fjögurra manna fjölskylda skuldar að meðaltali 800.000 kr. í yfirdráttarlán.“

Lærum af áfallinu

Pétur, sem dvaldi í Þýskalandi á námsárum sínum, segir að Íslendingar séu nokkuð sér á báti þegar kemur að fjármálum. Hann segir Þjóðverja og flesta Evrópubúa mun aðhaldssamari í fjármálum. Eðlilegt sé að heimilin eigi 3-6 mánaða útgjöld í banka. Hann segist þó vona að þjóðin verði skynsamari í fjármálum í framtíðinni og kannski verði þetta áfall núna til að breyta hugsunarhætti okkar Íslendinga. „Við verðum að hafa hugfast að lán er ekki það sama og „lán“, þ.e. hamingja“, segir Pétur.



Mikið hefur verið flutt inn af bílum undanfarin ár. Með breytingum á lögum um vörugjöld og virðisaukaskatt á nú að auðvelda útflutning á þessum sömu bílum.